

Fimmtudaginn 28. september 1995.

Nr. 340/1993.

Olgeir Engilbertsson

**Holta- og Landsveitarhreppur og
Ásahreppur**

(Jakob Möller hdl.)

(Árni Grétar Finnsson hrl.)

gegn

Einari Brynjólfssyni

(Reynir Karlsson hdl.)

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Landamerki. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. ágúst 1993. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að allar kröfur þeirra fyrir héraðsdómi verði teknar til greina, en þær eru: „Að staðfest verði með dómi, að landamerki á milli jarðanna Nefsholts I og Nefsholts II annars vegar og jarðarinnar Götu hins vegar, öllum í Holta- og Landsveitarhreppi, Rangárvallasýslu, séu þessi:

Aðallega: Lína frá punkti merktum EE á uppdrætti á héraðsdómsskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir óbrotnu línunni á uppdrættinum á dómsskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er bein lína dregin eftir eldri skurðinum, sem grafinn var í byrjun aldarinnar, uns hún mætir landamerkjalinunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og blálitaða línu á glæru og loftmynd frá 1954 á héraðsdómsskjali nr. 13.

Til vara: Lína frá punkti merktum EE á héraðsdómsskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir brotnu línunni á dómsskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er lína, dregin eftir skurðinum, sem grafinn var

1955, upp að sýsluveginum, þar sem hann liggur nú yfir skurðinn, og þaðan beint í framhaldi af þeim skurði, uns hún mætir landamerkjalínunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og rauðlitaða línu á glæru og loftmynd frá 1989 á héraðsdómsskjali nr. 13.“ Áfrýjendur krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti bæði í aðalkröfu og varakröfu.

Stefndi krefst staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Dómendur Hæstaréttar gengu á vettvang 7. september sl. í fylgd lögmanna og forsvarsmanna aðila.

I.

Í landamerkjalýsingu fyrir Nefsholt, Holtahreppi, Rangárvallasýslu, 14. maí 1884, segir meðal annars: „Að austan: úr Grásteini beint suður í stein í Hvítahvammi, þaðan beint suður í *Móhól* við gilið“.

Í landamerkjalýsingu fyrir Marteinstungutorfu, sem gildir fyrir Götu, 25. maí 1889, segir meðal annars: „Að vestan: Ræður bein stefna úr Merkjahól upp í Grafhól við Steinslæk, þá ræður Steinslækur upp í *Miðhól* við Steinslækjarbotn, þaðan ræður bein stefna í Stein í Hvítahvammi og þaðan bein stefna í áðurnefndan Grástein.“

Ekki er lengur ágreiningur með aðilum um viðmiðunarpunktinn í Hvítahvammi. Nægilega er fram komið, að kennileitin „Móhóll“ og „Miðhóll“, sem nefnd eru í landamerkjabréfunum, séu einn og sami hóllinn, en ágreiningur er um það, hvar hóllinn sé og hvar draga skuli viðmiðunarpunkt í hann. Fram er komið, að á þessu svæði voru þrír móhólar. Ágreiningslaust er, að minnsti hóllinn, sem var norðan við eystri hólinn af hinum tveimur, var jafnaður út vegna framkvæmda. Svo virðist sem áfrýjendur telji, að markalínan hafi verið í hólinn, sem horfinn er, en stefndu telja miðhólinn vera þann hól, sem miðað er við í landamerkjabréfunum, enda hafi hann verið nefndur Miðhóll af ábúendum Götu. Verður að telja það rökrétt og eðlilegt miðað við aðstæður, að átt hafi verið við miðhólinn sem viðmiðunarpunkt frekar en minnsta hólinn. Eðlilegt er að miða við hæsta punkt hólsins, þar sem annað er ekki tekið fram í landamerkjabréfunum, og fer það saman við niðurstöðu héraðsdóms.

Áfrýjendur halda því fram, að skurður sá, sem grafinn var skömmu eftir síðustu aldamót á milli Nefsholts og Marteinstungu, hafi verið landamerkjaskurður, en stefndi telur, að hann hafi eingöngu verið ætlaður til framræslu. Máli sínu til stuðnings benda áfrýjendur á örnefnalýsingu fyrir Götu, þar sem mörk að Nefsholti eru sögð „með skurði, sem liggur norðan við Móhól og rennur í Steinslæk“. Heimildarmaður að lýsingunni var Gunnar Einarsson, sem bjó í Marteinstungu frá 1910 til 1953. Sonur Gunnars, Dagbjartur, sem fæddur var í Marteinstungu 1913 og átti þar heima fram að sextugsaldri, bar fyrir dómi, að skurðurinn hefði ekki verið landamerkjaskurður milli jarðanna. Verður að telja, að staðfestur framburður Dagbjarts gangi framar lýsingu, sem höfð er eftir föður hans. Ekki er fyllilega vitað, hver stóð að grefti skurðarins rétt eftir aldamótin. Árið 1955 var á vegum Sigurðar Ólafssonar, þáverandi ábúanda í Götu, vélgrafinn skurður frá enda skurðarins, sem fyrir var. Bar Sigurður fyrir dómi, að tilgangur skurðgraftarins hefði einungis verið að veita vatni frá landinu, en hann ekki verið hugsaður sem landamerkjaskurður. Því er ómótmælt, að Sigurður hafi einn greitt fyrir skurðgröftinn, og er það vísbending um, að hér sé ekki um landamerkjaskurð að ræða.

Samkvæmt framansögðu er staðfest sú niðurstaða héraðsdóms, að áfrýjendur hafi ekki sannað, að skurðurinn hafi verið grafinn á mörkum milli jarðanna eða breytt þeim andstætt gildandi landamerkjabréfum.

II.

Áfrýjendur halda því fram, að þeir hafi öðlast eignarrétt að þrætulandinu fyrir hefð. Fallist er á það með héraðsdómi, að áfrýjendur hafi ekki sýnt nægilega fram á nytjar þrætulandsins í andstöðu við gildandi landamerkjabréf, þannig að skilyrðum hefðar sé fullnægt.

III.

Samkvæmt framansögðu er niðurstaða málsins sú, að landamerki jarðanna Götu og Nefsholts í Holta- og Landsveitarhreppi, Rangárvallasýslu, skuli vera bein lína úr steini í Hvítahvammi í hæsta punkt Miðhóls (Móhóls).

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Landamerki jarðanna Götu og Nefsholts í Holta- og Landsveitarhreppi, Rangárvallasýslu, skulu vera bein lína úr steini í Hvítahvammi í hæsta punkt Miðhóls (Móhóls).

Áfrýjendur, Olgeir Engilbertsson, Holta- og Landsveitarhreppur og Ásahreppur, greiði óskipt stefnda, Einari Brynjólfssyni, 250.000.00 krónur í málskostnað samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hrafns Bragasonar og

Hjartar Torfasonar

Í atkvæði meiri hluta dómenda er getið krafna aðila og þeirra ákvæða í landamerkjabréfum, sem hér skipta máli. Við erum sammála öðrum dómendum um viðmiðunarpunkturinn í Hvítahvammi og um kennileitið „Móhól“ eða „Miðhól“. Hins vegar getum við ekki fallist á skoðun meiri hlutans um, að eðlilegt sé að miða við hæsta punkt hólsins. Þvert á móti teljum við það öndvert staðháttum og almennum búskaparháttum, að hóllinn sé ekki allur í landi sömu jarðar. Teljum við, að orðalag landamerkjabréfanna verði fyllilega samræmt því að draga merkjalínuna utan í hólinn og að eðlilegt sé miðað við staðhætti að láta Steinslækjargilið ráða austur fyrir hólinn og síðan skurð þann, sem nú liggur á mótum jarðanna og grafinn var af ábúendum þeirra, neðri hlutinn af ábúendum Nefsholts og efri hlutinn af ábúanda Götu. Skiptir hér ekki máli, eins og á stendur, hver kostaði hvorn hluta. Hegðan ábúendanna, allt þar til tekið var að leita eftir jarðhita á þrætusvæðinu, styður þessa niðurstöðu. Þá er hún í samræmi við örnefnalýsingu Gunnars Einarssonar, sem bjó í Marteinstungu frá 1910 til 1953, en sú lýsing var gefin óháð deilu þessari. Niðurstaða okkar er því sú, að merkin skuli í stórum dráttum fylgja varakröfu áfrýjenda. Þykir ekki ástæða til að færa hana út á landakort, þar sem afstaða meiri hluta réttarins er önnur.

Rétt þykir okkur, að málskostnaður falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Suðurlands 24. júní 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. maí sl. og þingfest fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu 19. desember 1990, er höfðað af Einari Brynjóliðssyni, kt. 181237-2889, eiganda og ábúanda jarðarinnar Götu í Holtahreppi, gegn Olgeiri Engilbertssyni, kt. 110736-2319, eiganda og ábúanda jarðarinnar Nefsholts I, Holtahreppi, og Holtahreppi, kt. 630169-5779, fyrir sína hönd og Holtahreppi, Ásahreppi, kt. 430169-0339, og Landmannahreppi, kt. 710169-4549, vegna Laugalandsskóla í Holtum, kt. 520175-0169, eigendum jarðarinnar Nefsholts II, öllum í Rangárvallasýslu.

Stefnukröfur.

Í upphafi málflutnings féll stefnandi frá aðalkröfu sinni í málinu, og eru endanlegar stefnukröfur þær, að staðfest verði með dómi, að landamerki jarðanna séu bein lína úr steini í Hvítahvamm (punkti merktum C á uppdrætti) í Miðhól (punkt merktan D á fyrrgreindum uppdrætti). Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu og að málskostnaðarkrafa beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags í samræmi við 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Krafa er gerð um, að dráttarvextir leggist við höfuðstól málskostnaðarkröfu á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir upphafsdag vaxta.

Í greinargerð sinni gera stefndu kröfur sem hér segir:

Að staðfest verði með dómi, að landamerki á milli jarðanna Nefsholts I og Nefsholts II annars vegar og jarðarinnar Götu hins vegar, öllum í Holtahreppi, Rangárvallasýslu, séu þessi:

Aðallega: Lína frá punkti merktum EE á uppdrætti á dómskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir óbrotnu línunni á uppdrættinum á dómskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er bein lína dregin eftir eldri skurðinum, sem grafinn var í byrjun aldarinnar, uns hún mætir landamerkjalinunni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samanber samnefnda punkta og blálitaða línu á glæru og loftmynd frá 1954 í dómskjali nr. 13.

Til vara: Lína frá punkti merktum EE á dómskjali nr. 12, dregin eftir miðju útrennsli skurðar á mörkum jarðanna, sem fellur í Steinslæk, í punkt merktan E neðst í skurðinum og þaðan til norðurs eftir brotnu línunni á dómskjali nr. 12 í punkt merktan F á uppdrættinum, það er lína, dregin eftir skurðinum, sem grafinn var 1955, upp að sýsluveginum, þar sem hann liggur

nú yfir skurðinn, og þaðan beint í framhaldi af þeim skurði, uns hún mætir landamerkjafninni, sem liggur frá Grásteini niður í Hvítahvamm, samannber samnefnda punkta og rauðlitaða línu á glæru og loftmynd frá 1989 á dómskjali nr. 13.

Krafist er sýknu af öllum kröfum stefnanda.

Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda bæði í aðalkröfu og varakröfu auk virðisaukaskatts á málskostnað og að málskostnaðarkrafan beri dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 og að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti skv. ákvæðum vaxtalaga.

Málavextir.

Með afsali, dagsettu 15. desember 1964, eignaðist stefnandi jörðina Götu í Holtahreppi, Rangárvallasýslu. Ekki virðist hafa verið ágreiningur um mörk jarðarinnar við Nefsholt fyrr en um 1980 samkvæmt því, er eiginkona stefnanda bar í þinghaldi. Þá var að sögn farið að ganga eftir því af hálfu stefnanda, að fylgt yrði landamerkjabréfi frá 25. maí 1889, en þar eru umrædd merki skilgreind svo: „þá ræður „Steinslækur“ upp í Miðhól við Steinslækjarbotn, þaðan ræður bein stefna í Stein í Hvítahvammi.“.

Í bréfi, dagsettu 15. desember 1985, til sveitarstjórnar Holtahrepps var getið um þennan ágreining, og með bréfi, dagsettu 22. maí 1989, var sýslumanni Rangárvallasýslu skrifað bréf, þar sem óskað var eftir því, að landamerki Götu og Nefsholts yrðu ákvörðuð. Hinn 20. nóvember 1989 var aukadómþing Rangárvallasýslu háð í dómsal sýslumannsins í Rangárvallasýslu. Þar var ágreiningur þessi tekinn fyrir, en sættir tókust ekki í málinu.

Milli jarðanna á hinu umdeilda svæði er skurður. Málsaðila greinir á um, hvort skurður þessi sé merkjaskurður milli jarðanna eða framræsluskurður. Um hann er það vitað í máli þessu að sögn vitnisins Dagbjarts Gunnarssonar, sem fæddur er árið 1913, að hann hafi upphaflega verið grafinn um aldamótin af Guðna Vigfússyni, er þá var ábúandi á cýstri bænum í Nefsholti. Vitnið Eyfríður Guðjónsdóttir, sem fædd er að Nefsholti árið 1908, hefur borið, að engi jarðanna hafi legið þarna saman og skurðurinn skilið þau að. Jafnframt bar hún, „að þarna hafi verið skurður á landamerkjum svo lengi sem hún muni“. Vitnið Páll Guðjónsson, sem fæddur er árið 1910 að Nefsholti, segir í framburði sínum, að skurður hafi verið milli jarðanna. Það hafi verið landamerkjaskurður, og hafi mörk jarðanna verið lína úr steini í „Hvítahvammi“ í skurðendann og síðan eftir skurðinum niður í „Gilbotna“. Stefndi Olgeir Engilbertsson bar, er hann kom fyrir dóm, að hann hefði búið í Nefsholti frá árinu 1959. Hann hafi alla tíð litið svo á, að skurðurinn skipti löndum milli Nefsholts og Götu. Aldrei hafi verið á ann-

að minnst. Skurðurinn hafi verið grafinn upp 1955 af ábúanda Götu og virðist hafa verið grafinn á sama stað og gamli skurðurinn.

Sigrún Ingólfssdóttir, eiginkona stefnanda, segir, að það hafi ekki verið fyrr en á síðari árum, sem farið hafi verið að tala um skurðinn sem landamerkjaskurð. Áður hafi landamerki verið virt samkvæmt bréfinu frá 1889, að því er hún best viti. Hún telur, að skurðurinn hafi aðallega verið grafinn til þess að veita vatni af svæðinu, en þarna hafi verið mjög votlent. Við endurgroft skurðarins hafi verið grafið þar, sem best lá við, til þess að ná þeim árangri að veita vatni af landinu. Vitnið Dagbjartur Gunnarsson hefur borið, að tilgangur skurðgraftarins hafi verið að veita vatni af landinu. Skurðurinn hafi verið hlykkjóttur og ekki hugsaður sem landamerkjaskurður. Vitnið Sigurður Ólafsson, sem fæddur er í Götu árið 1917, bjó þar til 44 ára aldurs. Sigurður var ábúandi í Götu á 6. áratugnum og stóð fyrir því, að efri hluti skurðarins var grafinn árið 1955. Hann bar, að tilgangur skurðgraftarins hefði verið að veita vatni frá landinu, en hann ekki verið hugsaður sem landamerkjaskurður. Skurðurinn hafi verið grafinn frá enda þess skurðar, er fyrir var, og í beina stefnu á stein í „Hvítahvammi“. Hann vissi ekki, hver hefði grafið upp neðri hluta skurðarins né hvenær það var gert.

Ágreiningur er uppi um örnefnin „Móhóll“ og „Miðhóll“, sem greind eru sem viðmiðunarpunktar í landamerkjabréfunum. Í landamerkjabréfi fyrir Nefsholt er talað um „Móhól“. Í landamerkjabréfi fyrir Götu er hins vegar talað um „Miðhól“. Á umræddu svæði voru þrír hólar, en nöfn þeirra virðast hafa verið nokkur á reiki. Tvö vitni, er hafa verið heimilisföst að Nefsholti nokkurn tíma, tala um, að hólarnir niðri við gilið hafi verið kallaðir Móhólar. Annað þeirra, Páll Guðjónsson, kallaði hólana eystri og vestri Móhóla, og jafnframt sagði hann, að þriðja hólinn hefði mátt kalla „Litla-Móhól“. Hann kannaðist hins vegar ekki við nafngiftina „Miðhóll“. Eiginkona stefnanda, Sigrún Ingólfssdóttir, segir í framburði sínum, að nöfn hólanna og staðsetning hafi verið þannig, að vestast hafi verið „Stóri-Móhóll“, austan hans „Miðhóll“ og norðan við hann hafi verið „Litli-Móhól“. Ber þessari lýsingu saman við lýsingu vitnisins Sigurðar Ólafssonar, sem var ábúandi í Götu um skeið.

Málsástæður.

Stefnandi reisir málarekstur sinn á því, að landamerki jarðanna hafi verið ákveðin með lýsingu í landamerkjabók Rangárvallasýslu frá 25. maí 1889, er þinglýst var á manntalsþingi 17. maí 1890. Það sé lýst landamerkjum Marteinstungutorfunnar, en Gata hafi upphaflega verið hjáleiga frá Marteinstungu, og gildi því þessi landamerki fyrir Götu. Þessum landamerkjum

hafi ekki verið breytt, en vegna legu skurður í námunda við landamerkin sé nauðsynlegt að fá merkin staðfest með dómi.

Því er eindregið mótmælt, að umræddur skurður sé landamerkjaskurður eða hafi verið hugsaður sem slíkur. Skurðurinn hafi verið grafinn, þar sem landið var lægst, og tilgangur með skurðgreftinum hafi verið að ræsa fram landið, sem þarna hafi verið mjögt votlent. Þarna hafi landamerki verið mörkuð af beinni línu milli tveggja þekktra punkta og því óþarft að grafa landamerkjaskurð.

Stefnandi byggir á því, að umræddur hól, sem í landamerkjabréfi Nefsholts er nefndur „Móhóll“, en í landamerkjabréfi Marteinstungutorfunnar (Götu) nefndur „Miðhóll“, sé einn og sami hóllinn, sem einnig hafi verið nefndur „Eystri-Móhóll“. Þarna sé um að ræða eystri hólinn af þeim tveimur, er eftir standa.

Stefnandi leggur til grundvallar, að ekki sé annar efnismunur á landamerkjabréfi Marteinstungutorfunnar og landamerkjabréfs fyrir Nefsholt frá 14. maí 1884 en að í landamerkjabréfi Marteinstungutorfunnar er talað um „Miðhól“, en í landamerkjabréfi Nefsholts er talað um „Móhól“. Telur stefndi, að þarna sé um sama hól að ræða, en ágreiningur er uppi um það, hvor af hólunum hafi verið viðmiðunarhóllinn í sambandi við landamerkin. Telur stefndi, að þar sé um að ræða hól þann, er sléttaður var út vegna lóðaframkvæmda við héraðsskólann að Laugalandi. Þá telur stefndi, að líta beri til örnefnalýsingar fyrir Götu, en þar sé merkjum Götu lýst svo: „Mörk að Nefsholti eru með skurði, sem liggur norðan við Móhól og rennur í Steinslæk. Þar er Guðnafoss.“ Skurður sá, sem þar sé getið, hafi upphaflega verið grafinn upp úr aldamótum og þá væntanlega til þess að fullnægja 2. gr. landamerkjalaganna frá 1882, er kvað á um skyldu að setja glögg merki milli jarða, þar sem mörk væru ekki skýr frá náttúrunnar hendi. Skurður þessi sé því augljóslega merkjaskurður og hafi verið það frá upphafi.

Stefnandi hefur mótmælt sérstaklega áreiðanleika umgetinnar örnefnaskrár og bent á, að í henni séu margar missagnir og vitleysur.

Þá hefur stefnandi uppi þá málásástæðu, að verði ekki viðurkennt, að fyrrgreindur skurður sé merkjaskurður, hafi stefnandi unnið eignarhefð á þrætulandinu vestan skurðarins skv. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Frá því að skurðurinn var grafinn í upphafi aldarinnar, hafi eigendur og ábúendur Nefsholts haft allan umráðarétt og öll afnot af landinu vestan skurðarins. Þá hafi skurðurinn hindrað, að búpeningur gæti gengið á milli.

Stefnandi hefur mótmælt því, að stefndu hafi getað eignast rétt yfir þrætulandinu fyrir hefð. Þeir hafi hvorki nýtt það né nýtt til neinna hluta. Þá hafi þeir ekki gefið eigendum Götu eða Marteinstungu ástæðu til að

ætla, að stefndu hefðu eignarrétt yfir landinu. Skilyrði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 séu því eigi fyrir hendi.

Álit dómsins.

Leggjja verður til grundvallar, að landamerki jarðanna Götu og Nefsholts hafi verið í samræmi við landamerkjalýsingar þær, er gerðar voru eftir setningu laga nr. 5/1882, 14. maí 1884 fyrir Nefsholt og 25. maí 1889 fyrir Marteinstungutorfuna.

Kennileitin „Móhóll“ og „Miðhóll“, sem nefnd eru í fyrrnefndum landamerkjabréfum, eru augljóslega sama kennileitið, en ljóst er, að sami hóllinn hefur verið nefndur þessum tveimur nöfnum, en nafngiftin bundin við það, frá hvorum bænum þeir komu, sem um það báru. Þeir, sem hafa búið að Götu, kalla hólinn „Miðhól“, en þeir, sem búið hafa að Nefsholti, nefna hólinn „Móhól“. Umræddur hóll var miðhóllinn af þremur hólum, sem þarna voru, en þriðja hólnum, sem var norðan við eystri hólinn af þeim, sem eftir standa, hefur verið rutt brott og landamerkjalinan því samkvæmt þeim tveimur landamerkjalýsingum, er hér hefur verið fjallað um, í samræmi við dómkröfur stefnanda.

Kemur þá til álita skurður sá, sem grafinn hefur verið í grennd við markalínuna. Stefnandi heldur því fram, að eini tilgangurinn með skurðgreftinum hafi verið að ræsa fram landið, sem þarna hafi verið mjög votlent. Skurðurinn hafi verið grafinn þar, sem land var lægst, til þess að ná sem bestum árangri við framræsluna. Skurðurinn hafi ekki verið merkjaskurður, eins og stefndu hafa haldið fram. Það hafi verið óþarft að grafa slíkan merkjaskurð, þar sem landamerki hafi þarna verið mjög skýr, bein lína milli tveggja þekktra punkta. Ekkert liggur nú fyrir um tilgang þess, er gróf skurðinn í upphafi, en ljóst er, að við uppgröft á skurðinum var að mestu farið eftir eldri skurði. Verður að telja, að stefndu hafi ekki tekist að sýna fram á, að samkomulag hafi verið um að breyta mörkum milli jarðanna með því að grafa landamerkjaskurð utan merkjalínu samkvæmt gildi andi landamerkjabréfum jarðanna.

Kemur þá til álita sú málástæða stefndu, að þeir hafi öðlast eignarrétt að þrætulandinu með hefð samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905. Styðja þeir þá kröfu sína þeim rökum, að frá því að umræddur skurður hafi verið grafinn í upphafi aldarinnar, hafi ábúendur Götu ekki haft nein afnot af þrætulandinu.

Stefnandi hefur mótmælt því, að stefndu hafi getað eignast rétt yfir þrætulandinu fyrir hefð. Þeir hafi hvorki nytjað það né nýtt til neinna hluta. Þá hafi þeir ekki gefið eigendum Götu eða Marteinstungu ástæðu til að

ætla, að stefndu hefðu eignarrétt yfir landinu. Skilyrði 1. mgr. 2. gr. laga nr. 46/1905 séu því eigi fyrir hendi.

Ekki liggur fyrir í málinu útreikningur á flatarmáli hins umdeilda svæðis, en ljóst er, að það er ekki mjög stórt. Þrætulandið ber það ekki með sér, að það hafi verið nytjað. Það er þýft og í því mikil sina. Hins vegar er borhola á svæðinu, sem gefur heitt vatn, er notað er af hitaveitu staðarins.

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 46/1905 er 20 ára óslitið eignarhald á fasteign skilyrði þess, að eignarréttur skapist að henni.

Ekki verður litið svo á, að landeigandi, sem grefur framræsluskurð í land sitt á þann hátt, er hann ætlar, að gagnist best til þess að ræsa fram landið, sé með því að afsala sér umráðarétti yfir þessari eign sinni, enda þótt skurðgröfturinn verði til þess, að honum nýtist trauðla einhver hluti landsins. Ekki skiptir hér máli, að eitt vitni hefur borið, að það muni hafa verið bóndinn að Nefsholti, sem gróf skurðinn upphaflega. Ekkert liggur nú annað fyrir en tilgangurinn með skurðgreftinum hafi verið að þurrka landið, en vitni í málinu eru á einu máli um það, að landið hafi verið mjög votlent. Sú staðreynd, að skurðurinn var í upphafi handgrafinn, þar sem land er lægst, og grafinn þangað, sem styst er til þess að veita vatninu frá, styður þá fullyrðingu.

Sú staðreynd, að skurðurinn hefur komið í veg fyrir, að þrætulandið nýttist eigendum Götu til beitar, getur ekki ein sér skapað eigendum Nefsholts eignarrétt með hefð.

Verður að telja, að stefndu, eigendur Nefsholts, hafi ekki getað sýnt fram á það í máli þessu, að þeir hafi haft slík afnot af landinu, að til eignarhalds geti talist, og að þeir geti þannig talið til eignarréttar yfir þrætulandinu fyrir hefðarsakir.

Með vísan til þess, er hér hefur verið rakið, verða stefnukröfur teknar til greina og staðfest, að landamerki jarðanna Götu og Nefsholts á umræddu svæði skuli vera bein lína úr steini í „Hvítahvammi“ í „Miðhól“ (einnig nefndur „Móhól“). Í samræmi við þessa niðurstöðu þykir rétt, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, sem ákveðst 180.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Kristján Torfason dómstjóri.

D ó m s o r ð:

Landamerki jarðanna Götu og Nefsholts skulu vera bein lína úr steini í „Hvítahvammi“ í „Miðhól“ (einnig nefndur „Móhól“).

Stefndu greiði stefnanda 180.000 kr. í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa.